

Alþingi

Erindi nr. D 120/2068

komudagur 24/5 1996

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Frá: Fjármálaráðuneytinu

Tillögur til breytinga á frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að lokinni 2. umræðu:

1. Við 2.gr. Í stað orðanna “Þá taka lögin heldur ekki” í 2.mgr. komi: Lögin taka ekki.
2. Við 5.gr. Orðin “og hvort skipa skuli eða ráða í starfið” í 1.mgr. falli brott.
3. Við 9.gr.
 - a. Við 1.mgr. bætist: gr.
 - b. Síðari másl. 2.mgr. falli brott, en í stað hans komi: Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er. Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkrar breytingar enda skýri hann forstöðumanni frá því eigi síðar en viku frá því að breytingin var tilkynnt honum. Sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti hans, sbr. 46.gr.
4. Við 22.gr.
 - a. 1.mgr. orðist svo:

Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir:

 1. Skrifstofustjóri Alþingis, ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis.
 2. Forsetaritari, ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar í stjórnarráði, sendiherrar og sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni.
 3. Hæstaréttardómarar, hæstaréttaritari og héraðsdómarar.
 4. Biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar þjóðkirkjunnar.
 5. Ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari og saksóknarar.
 6. Ríkislögmaður, ríkissáttasemjari og umboðsmaður barna.
 7. Sýslumenn, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins, ríkistollstjóri, lögreglustjórinn í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík, lögreglumenn og tollverðir.
 8. Fangelsismálastjóri og fangaverðir.
 9. Forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, áður ótaldir.
 - b. Í stað orðanna “8. og 10.” í 2.mgr. komi: 9.

5. Við 28.gr.

2.mgr. orðist svo:

Nú tekur sá aftur við embætti sínu sem laun hefur fengið um stundarsakir og skal þá líta svo á að hann hafi gegnt starfanum óslitið, þar á meðal skulu honum þá greidd þau laun er hann hefur verið sviptur skv. 1.mgr.

6. Við 29.gr.

Við 2.mgr. bætist: “nema þær ávirðingar, sem honum voru gefnar að sök, hafi ekki reynst vera fyrir hendi.

7. Við 34.gr.

Í stað orðanna “fá föst laun, er embættinu fylgdu, greidd” í 1.mgr. komi: “halda óbreyttum launakjörum, er embættinu fylgdu.

8. Við 35.gr.

Í stað orðanna “fá föst laun, er embættinu fylgdu, greidd” í 1.mgr. komi: “halda óbreyttum launakjörum, er embættinu fylgdu.

9. Við 37.gr.

Við 2.mgr. bætist nýr málsl. er orðist svo: “Ákvörðun þessi skal tilkynnt starfsmanni svo fljótt sem verða má og eigi síðar en þegar sex vikur eru eftir af upphaflegum uppsagnarfresti.

10. Við 46.gr.

Við 2.mgr. bætist nýr málsl. er orðist svo: “Ákvörðun þessi skal tilkynnt starfsmanni svo fljótt sem verða má og eigi síðar en þegar sex vikur eru eftir af upphaflegum uppsagnarfresti. Sé uppsagnarfrestur skemmri skal ákvörðunin tilkynnt um leið og starfsmaður segir upp störfum.

11. Við 56.gr.

2.tölul. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992:

a. Í stað orðanna “og umboðsmanns Alþingis” í 2.gr. laganna komi: umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna.

b. 2.mgr. 8.gr. laganna orðist svo:

Kjaranefnd ákveður laun og starfskjör embættismanna, annarra en þeirra, sem taldir eru upp í 2.gr., lögreglumanna, tollvarða og fangavarða, sbr. ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

c. 9.gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

d. Í stað 1. og 2.mgr. 12.gr. (er verður 11.gr.) komi ný málsgrein er orðist svo:

Kjaranefnd skal ákvarða föst laun fyrir dagvinnu og kveða á um önnur starfskjör. Hún úrskurðar hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Við ákvarðanir sínar getur nefndin tekið tillit til sérstakrar hæfni er nýtist í starfi og sérstaks álags sem starfinu fylgir.

e. Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo: Þrátt fyrir breytingu á 2.mgr. 8.gr. þessara laga samfara gildistöku nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skal kjaranefnd fyrst ákveða laun og starfskjör þeirra embættismanna, sem fram að þessu hafa ekki fallið undir lög þessi, frá og með 1.janúar 1997. Fram að þeim tíma skulu laun og starfskjör þessara embættismanna ráðast af kjarasamningum.

12. Við ákvæði til bráðabirgða.

a. Orðið "föstum" í 5.mgr. falli brott.

b. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:

Fram til 1.júlí 1997 gilda eftirfarandi ákvæði:

a. Þrátt fyrir eldri ákvæði í öðrum lögum er skylt að auglýsa öll laus embætti, sem talin eru upp í 22.gr. laganna, skv. 7.gr. laga þessara.

b. Þrátt fyrir eldri ákvæði í öðrum lögum skal ekki skipað í önnur störf en þau embætti sem talin eru upp í 22.gr. laga þessara. Í önnur störf skal ráðið með þeim réttaráhrifum sem fram koma í III.hluta laganna.

c. Þrátt fyrir ákvæði 23.gr. laga þessara skulu hæstaréttardómarar, héraðsdómarar, ríkissaksóknari og þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sem taldir eru upp í 4.tölul. 22.gr. laganna, skipaðir ótímabundið í embætti.